

Sigurður Ingi Jóhannsson (Innlæg)

Ég held að við verðum fyrst og fremst að horfa á þá staðreynd hvert vandamálið er. Vandamálið í bakgrunninum er það að það er ósanngjarnt, sem við höfum staðið frammi fyrir, að litlar þjóðir séu beygðar niður af stórveldum með viðskiptahindrunum. Það er miklu eðlilegra, þegar við Norðurlöndin komum saman um slíkt, að við náum niðurstöðu um þetta. Ég held að það geti kannski hafa verið upphaf þessarar hugmyndar um þessa tillögu.

Hitt vandamálið, sem við stöndum frammi fyrir, er að við höfum ekki haft nægilega góða vísindalega þekkingu þegar loftslagsbreytingarnar hafa haft þessar miklu breytingar í för með sér í hafinu, þar sem fiskstofnar hafa flutt sig býsna hratt til, sumir minnkað, aðrir stækkað. Staðreyndin er sú að þau kerfi sem við höfum haft til að semja hafa ekki verið að virka á síðustu árum. Það er því miður staðan á ýmsum stofnum að þeir fara hratt minnkandi. Þrátt fyrir að við reynum að stýra þeim á skynsamlegan og sjálfbæran hátt í samstarfi fiskipjóðanna fara sumir niður. Aðrir fara hratt vaxandi, hversu mikið vitum við ekki, og meðan við náum ekki samkomulagi þá er auðvitað alltaf hætt á að við séum að veiða of mikið.

Ég tel þessa tillögu því fína, hún styrkir hinn vísindalega grunn að stjórnun fiskveiða. Ég er hins vegar á því að það mun alltaf koma pólitísk ákvörðun að lokum. Það er ábyrgð stjórnámálmannanna að lokum að standa frammi fyrir einhverri vísindaniðurstöðu og semja síðan um það. Ég tel því að tillagan muni hjálpa í hinum vísindalega grunni. Hún mun ekki leysa hinn pólitíska vanda, það er ábyrgð okkar, ráðherra og ríkisstjórna, og ekki síst í þessu Norðurlandasamstarfi okkar, að finna þær lausnir. Ég held að þessi tillaga sé bara hjálp í því. Takk.

Jeg tror at vi først og fremmest må se på det faktuelle problem. Det bagvedliggende problem er at det vi har stået overfor er uretfærdigt, det, at små nationer bliver tvunget i knæ af stormagterne med handelshindringer. Det er meget mere naturligt, når vi, de nordiske lande, når til enighed, at vi finder frem til en løsning. Jeg tror måske at dette kan være kimen til idéen bag forslaget.

Det andet problem, vi står overfor, er at vi ikke har tilstrækkelig videnskabelig viden om konsekvenserne af de ændringer som klimaændringerne har afstedkommet i havene, hvor fiskebestandene bevæger sig ganske hurtigt, og hvor nogle formindskes mens andre vokser. Faktum er at de forhandlingsredskaber vi har til rådighed, ikke har virket efter hensigten i de seneste år. Desværre forholder det sig sådan med mange bestande, at de reduceres kraftigt. Til trods for at vi har forsøgt at forvalte dem på en fornuftig og bæredygtig måde i et samarbejde mellem fiskerinationer er mange af dem på retur. Andre vokser hurtigt, hvor hurtigt ved vi ikke og så længe vi ikke når frem til enighed er der altid risiko for at vi fanger for meget.

Jeg synes forslaget er fint, det understøtter et videnskabeligt grundlag for fiskeriforvaltningen. På den anden side anser jeg at det altid bør udmunde i en politisk beslutning. Til syvende og sidst er det politikernes ansvar at forholde sig til enhver videnskabelig konklusion og forhandle ud fra det grundlag. Jeg anser derfor at forslaget vil understøtte det videnskabelige grundlag. Det vil ikke løse det politiske problem, det er vores ansvar, ministrenes og regeringernes, og ikke mindst i det nordiske samarbejde, at finde frem til løsningerne. Jeg anser at forslaget vil bidrage til dette. Tak.

Information

Tal nummer

336

Typ

Indlæg

Person

[Sigurður Ingi Jóhannsson](#)

Speaker role

Islands minister for miljø og natur

Datum

30.10.14 13:18

Ärende

[Utvalgsforslag om forvaltning av felles fiskebestander](#)